



Alþýðusamband Íslands

Ávarp Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ

1. maí 2010

Góðir félagar.

1. maí ár hvert erum við minnt á mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar og þann árangur sem hún hefur náð með þrotlausri baráttu sinni undanfarna áratugi. Barátta launafólks fyrir réttlátu samfélagi er ekki barátta háð korteri fyrir kosningar með auglýsingum eða í kjaftapáttum fjölmiðlanna. Barátta verkalýðshreyfingarinnar er sífelld barátta alls launafólks þvert á alla stjórn málaflokka og innan þeirra allra sem svarar kalli hvers tíma, trú því meginsjónarmiði að baráttan gegn atvinnuleysi og fátækt er barátta um velferð fyrir alla en ekki bara suma.

Við höfum löngum mátt búa við það að stjórnvöld og stjórn málamenn hugsu ekki lengra en til næstu kosninga – til eigin endurkjörs. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis fær þessi skammsýna hugsun í raun algera felleinkunn og er talin meðal meginorsaka aðgerðaleysis Alþingis og stjórnvalda við stjórn efnahagsmála undanfarin ár. Þannig hugsar íslensk verkalýðshreyfing hins vegar ekki. Almennt launafólk gerir þá kröfu, að við hugum ávallt að langtíma hagsmunum okkar. Í þeirri stöðu sem skapast hafði hér í þjóðfélaginu í aðdraganda hrunsins brást verkalýðshreyfingin við með því að þau markmið í kjarasamningunum að treysta kjör þeirra sem setið höfðu eftir í launaskriði uppgangsáranna, að hækka sérstaklega lægstu launin með hækkunum launataxta en treysta einnig forsendur stöðugleika og að verðbólga færi ekki á fleygiferð. Það er mín skoðun að þessi kjarastefna hafi skilað miklum árangri við að verja þá sem lægst hafa kjörin, en kaupmáttur lægstu launa hefur haldist þrátt fyrir efnahagshrunið.

Samhliða lögðum við áherslu á að efla ýmis félagsleg réttindi launafólks. Orlofsrétturinn var lengdur, réttindi foreldra vegna veikra barna aukinn og slysatryggingar vegna vinnuslysa stórbættar svo einhver dæmi séu tekin. Samkomulag náðist um framlög bæði atvinnurekenda, lífeyrissjóða og stjórnvalda í eflingu starfsendurhæfingar og var Starfsendurhæfingarsjóður stofnaður í kjölfarið. Í tengslum við kjarasamningana tókst einnig að knýja fram hækkun skattleysismarka, hækkun barnabóta, hækkun vaxtabóta, hækkun atvinnuleysisbóta og aðgerðir í starfsmenntamálum launafólks sem hefur litla formlega menntun. Allar þessar aðgerðir þjóna hagsmunum lágtekjufólks sérstaklega og eru til þess fallnar að verja launafólk gegn áföllum eins og þeim sem nú hafa dunið yfir. Við verðum að vera minnug þess, að það er við þessar

aðstæður á vinnumarkaði þegar félagar okkar þurfa að treysta á þau félagslegu réttindi sem við náum að knýja fram við gerð kjarasamninga.

Ágætu félagar.

Það eru ekki lítil áföllin sem íslensk þjóð tekst nú á við. Niðurstaða Rannsóknarnefndar Alþingis færir okkur sanninn um að ekki einasta fóru stjórnvöld hressilega út af sporinu í efnahagsmálum, heldur er nú komið á daginn að þau leiddu til valda innan íslenska fjármálakerfisins einstaklinga og hópa sem ryksuguðu upp allar eignir þeirra og vörðu herfanginu til þess að sölsa undir sig völd og áhrif í íslensku og erlendu samfélagi. Þannig höfðu þeir hundruðir milljarða af íslenskum sparifjáreigendum, hvort heldur sparifé þeirra var varðveitt í því sem áttu að vera öruggar bankainneignir eða í verðbréfum og hlutabréfum gamalla og gróinna almenningshlutafélaga sem þeir rændu innanfrá.

Allt var þetta gert í nafni hugmyndafræði um alfrjálsa markaði. Mannfjandsamlegrar hugmyndafræði sem var og er andstæð samfélagslegum gildum, raunverulegu frelsi einstaklingsins og almennu siðferði.

Frábærlega unnin rannsóknarskýrslan varpar einnig ljósi á annan afar alvarlegan hlut en það er algert getuleysi íslenskra stjórnámamanna og dugleysi stjórnsýslunnar. Það er átakanlegur lestur. Í aðdraganda bankahrunsins, þegar viðvörunarþjöllur glumdu allt um kring og aðvörunarorð og boð um aðstoð komu erlendis frá, sváfu íslenskir ráðherrar á verðinum og stjórnsýslan var sem lömuð. Þar brást fólkið sem á að hafa heill lands og þjóðar að leiðarljósi. Fólkið sem á að standa vörð um hagsmuni almennings. Stjórnámamenn og æðstu embættismenn brugðust þjóðinni þegar á reyndi. Þessi hópur bítur svo höfuðið af skömminni með því að segjast ekki bera neina ábyrgð á því hvernig fór – að móttaka milljóna króna í styrki hafi ekki verið brot á neinum reglum! Það er krafa okkar að stjórnámamenn og stjórnámáflokkarnir sýni að þeir hafi lært af mistökunum.

Útrásarliðið vann ekki bara íslensku launafólki beinan skaða. Það gerði betur og reisti í útlöndum spilaborgir sviksamlegra og áhættusamra bankaviðskipta og settu íslensku þjóðina að veði. Í skjóli okkar góða nafns og orðstírs sem sjálfstæðrar og duglegrar eyþjóðar, blekktu þeir almennung á Bretlandi, í Hollandi og Þýskalandi til þess að fela sér varðveislu sparifés síns sem þeir jafnharðan tóku undir sjálfa sig. Alls hefur þetta lið skaðað erlenda einstaklinga, fyrirtæki og ríki um þúsundir milljarða íslenskra króna sem þó að minnstu leyti lendir á íslenskri þjóð að endurgreiða.

Góðir félagar.

Upp úr þessum rústum verðum við að reisa okkur. Fyrir ári síðan höfðum við frumkvæði með gagnaðilum okkar að því að setja fram aðgerðaáætlun um endurreisn efnahags- og atvinnulífs, fjölgun starfa og bættum tekjum.

Við gáfum þessu því nafnið „stöðugleikasáttmáli“ sem átti að endurspegla tvennt – þörfina fyrir undirliggjandi félagslegan og efnahagslegan stöðugleika og náið samstarf milli okkar, atvinnurekenda og stjórnvalda við að glíma við úrlausnarefnin sem gæti orðið grunnur að aukinni sátt í landinu.

Ég tel að við verðum að horfast í augu við að þetta hefur ekki tekist sem skyldi – þessi gjörningur einkennist meira af „kyrrstöðu og ágreiningi“ en því sem við stefndum að. Við höfum verið að glíma við það undanfarnar vikur að kanna hvort og þá hvernig við getum komist upp úr þessu fari, en það gengur hreint ekki vel. Atvinnurekendur hafa hlaupið útundan sér vegna skötusels og sagt skilið við samstarfið og erfitt ætlar að reynast að koma þeim að borðinu aftur.

Ég sagði það við setningu aukaársfundar ASÍ fyrir ári síðan, að allar líkur væru á því að hér yrði pólitískur óróleiki – pólitísk kreppa – á næstu misserum. Rök mín þá – og þau eiga ennþá við – voru að flokkarnir búa við ákveðið forystuleysi eða þá að sá flokkur sem hefur styrka forystu skortir þingflokk sem er tilbúin til að fylgja henni eftir! Að mínu mati hafa flokkarnir ekki ennþá tekist á við þann siðferðisbrest sem einkenndi stjórn málin á árunum fyrir hrun. Ég vil þó segja það sem mína skoðun, að framganga mótmælenda við einkaheimili fólks er óþolandi og alvarlegur siðferðisbrestur. Að sama skapi finnst mér ógeðfellt hvernig gengið er fram af meiri hörku við þingkonur en karla og það er óásættanlegt. Þjóðin verður að gæta sín á því að þetta er óheillaspor sem getur leitt til þess að konur veigri sér við að gefa kost á sér til áhrifa sem ég tel mjög skaðlegt fyrir samfélagsumræðuna.

En á meðan þessi upplausn ríkir á vettvangi stjórn mála – þar sem illa gengur að koma ákvörðunum í gegn – getur hún hæglega leitt til þess að þessi pólitíska ólga birtist af mikilli hörku við gerð næstu kjarasamninga. Gerist það getur reynst erfitt að tryggja samstöðu um stefnuna en það mun koma niður á þeim tekjulægstu.

Ágætu félagar.

Í því uppgjöri sem fram þarf að fara í íslensku þjóðlífi verðum við einnig að líta okkur nær. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og siðferðishópsins er fjallað um lífeyrissjóðina okkar. Að mínu mati er tvennt sem stendur upp úr í þessari umfjöllun. Annars vegar tel ég að stjórnir lífeyrissjóðanna okkar eigi að láta á það reyna fyrir dómstólum að ógilda þá gjaldmiðlaskiptasamninga sem gerðir voru. Það blasir við, að bankarnir voru misnotaðir af hálfu eigenda sinna og lykilstjórnenda til að tryggja eigendum sínum ofurhagnað á kostnað sjóðanna með því að hvetja til að gjaldeyrir sjóðanna sé seldur á þeirri forsendu að gengi íslensku krónunnar myndi styrkjast á næstu misserum, þegar þeir vissu að ekki væri jarðneskur möguleiki á því að slíkt myndi gerast. Hins vegar tel ég mjög mikilvægt að við tökum alvarlega þá gagnrýni, óánægju og tortryggni sem er meðal félagsmanna okkar í garð fjárfestingastefnu og starfshátta sjóðanna undanfarnar ár. Það er okkar verkefni að tryggja trúverðugleika lífeyriskerfisins og það verðum við að gera með fordómalausum hætti. Verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda eru bakhjarlar lífeyrissjóðanna og ég tel að við eigum í sameiningu að hafa frumkvæði að því að skipuð verði þriggja manna nefnd óháðra og óvilhallra einstaklinga líkt og Rannsóknarnefnd Alþingis, sem fái það verkefni að kanna sérstaklega samskipti einstakra

Lífeyrissjóða við bankakerfið síðustu árin fyrir hrun í ljósi ásakana um óeðlileg áhrif á fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Rétt er að nefndin byggji störf sín í meginatriðum á þeim lærdómum, sem vinnuhópur um starfshætti og siðferði sem starfaði með Rannsóknarnefnd Alþingis taldi að draga megi af reynslu undanfarinna ára. Lífeyriskerfið eru einhver mikilvægustu og afdrifaríkustu réttindi sem við höfum samið um og með þessum hætti getum við lagt grunn að þeim nauðsynlega trúnaði sem þarf að vera á milli stjórna sjóðanna og launafólks.

En góðir félagar.

Það sem skiptir máli fyrir okkur að hafa í huga er, að verkalýðshreyfingin reyndi að vara við hvert stefndi þegar efnahagsreikningur ríkisins og fjármálafyrirtækjanna bólgnáði út án þess að á bak við það væru nokkur einustu hagræn rök eða handfastar eignir. Árangurslaust reyndi hún að tala um fyrir stjórnvöldum og fá þau til þess að undirbúa óumflýjanlegan samdrátt í efnahagslífi og á vinnumarkaði í kjölfar þess að mestu framkvæmdum Íslandssögunnar, framkvæmdunum á Austurlandi, lyki. Við reyndum að vara við hættunni af því að falsa kaupmátt almennings með stórvarasamri hækkun á gengi krónunnar, slíkt myndi koma í bakið á fólki þegar forsendurnar brystu.

Árangurslaust var það brýnt fyrir stjórnvöldum að halda að sér höndum við opinberar framkvæmdir og leyfa öflugum atvinnulífi landsmanna að takast á við þau verkefni sem einstaklingar og fyrirtæki treystu sér í vegna hagstæðra efnahagslegra skilyrða. Á það var ekki hlustað og boginn spenntur eins og framast var unnt og atkvæða aflað með fyrirhyggjulausum skattalækkunum á fyrirtækin og hina efnameiri. Að ekki sé nú talað um fasteignabóluna sem blásin var upp samhliða því að verkamannabústaða kerfi það sem verkalýðshreyfing átti framkvæði að og byggði upp var lagt niður. Hefði það verið látið í friði ættum við 30 þúsund búðir innan þess í dag og gætum mætt vaxandi þörf almenns launafólks fyrir ódýrari húsnæðiskostum.

Nú er verkefni okkar að tryggja betri réttarstöðu skuldugra heimila á þann hátt, að fjármálastofnunum sé gert að afskrifa í ríkari mæli óraunhæfar og óréttmætar skuldir, einkum og sér í lagi gagnvart ungu fólki sem er að hefja búskap. Así hefur á undanförunum mánuðum lagt mikla vinnu í að útfæra tillögur um lagabreytingar og jafnframt lagt gríðarlegan þrýsting á ríkisstjórnina og Alþingi að þessar tillögur verði afgreiddar sem allra fyrst og mun ekki linna látum fyrr en það hefur gerst.

Góðir félagar.

Íslensk þjóð stendur nú á tímamótum sem krefjast þess að við tökum einarða afstöðu. Við eigum að taka afstöðu með samfélagslegum gildum, samábyrgð, samráði og velferð fyrir alla og afstöðu gegn þeirri einstaklings- og einkamarkaðshyggju sem sigldi efnahagslífi okkar og um leið velferð launafólks og fjölskyldna upp á sker.

Mikilvægasta verkefni okkar nú og á næstu misserum er baráttan gegn atvinnuleysinu. Krafa okkar er sú, að allir leggist á eitt um að koma hjólum atvinnulífsins af stað og krafa okkar á 1.

maí er „Við viljum vinna“. Við viljum að mótuð verði djörf aðgerðaáætlun á næstu vikum sem hefur það að markmiði að ráðast gegn atvinnu- og tekjumissi fólks með því að koma hjólum atvinnulífsins aftur í gang. Sinnuleysi og ákvarðanatökufælni stjórnvalda er farið að valda gríðarlegum vanda sem engan enda ætlar að ná.

Fyrir okkur liggur hins vegar það verkefni til framtíðar að endurreisa íslenskt samfélags til þeirrar virðingar sem það á skilið og færa það að nýju inn í fjölskyldu þeirra velferðarsamfélaga sem okkur eiga að vera skyldust, en það fjölskylda norrænu velferðarsamfélaganna. Ég vil leyfa mér að taka undir með Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga, þar sem segir að úr kreppunni verði að rísa nýtt atvinnulíf á heimsvísu, sem:

- gefi öllum kost á mannsæmandi vinnu og virðir rétt stéttarfélag
- grundvallast á árangursríkum, lýðræðislegum og ábyrgum stjórnháttum á hnatvísu, þar sem þarfir fólks sitja í fyrirrúmi,
- tryggir öflugt fjármálaeftirlit og kemur fjárhagslífinu í þjónustu hins raunverulega hagkerfis og hinu raunverulega hagkerfi í þjónustu almennings,
- tryggir að virt séu réttindi allra vinnandi kvenna og karla og endir bundinn á fátækt, ójöfnuð, mismunun, arðrán og
- tryggir sjálfbærni með grænni fjárfestingu og grænum störfum.

Framundan er ein mesta áskorun sem verkalýðshreyfingin hefur nokkru sinni staðið frammi fyrir. Ég tel að hún eigi að leika stórt hlutverk í þessari baráttu um framtíð samfélagsins. Það er ekkert nýtt, því barátta verkalýðshreyfingarinnar er og verður hvíldarlaus barátta sem svarar af sannfæringu kalli hvers tíma, trú upphaflegum grunngildum sínum um frelsi einstaklingsins og jafnrétti allra óháð stétt og stöðu en síðast en ekki síst trú því hlutverki að vera útvörður bræðralags allra manna. Við erum stolt af og treystum á samstöðuhefð okkar, samstöðu sem er öflugri nú en nokkru sinni fyrr. Á þeim grunni getum við gert vonir okkar um heim sem byggir á lýðræði, réttlæti, jafnrétti og sjálfbærni að veruleika.

Við viljum og við krefjumst þess að fá að vinna

Gleðilegt sumar og til hamingju með daginn.